

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, þriðjudaginn 19. maí kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1257. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Dagný Geirdal, Silvá Kjærnested og Böðvar Páll Jónsson.
Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Álfabakki 8 - USK26050077

Sótt er um leyfi til að breyta notkun, útliti og innra skipulagi og innrétta sem skrifstofu- og verslunarhúsnæði fyrrum kvikmyndahús á lóð nr. 8 við Álfabakka.

Stækkun: 1.053,5m² / -1.113,7m³

Heildarstærð: 4.550,7m² (B rými ekki meðtalin) / 16.084,9 m³ (botnplata ekki meðtalin)

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

2. Ánanaust 5 - USK26030421

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061373 vegna lokaúttektar með því að breyta innra skipulagi íbúða 0702 og 0703 í mhl 03 á lóð nr. 64 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

3. Ánanaust 8 - USK25050205

Sótt er um leyfi til að byggja úr fjórum samsettum gámaeiningum starfsmannahús, mhl.01, á lóð nr 8 við Ánanaust.

Stærð: 59.2 ferm., 181.7 rúmm.

Jafnframt er erindi USK24010259 fellt úr gildi.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Ármúli 11 - USK26040306

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi 1. hæðar og í kjallara verslunar- og lagerhúsnæðis, mhl.01, á lóð nr. 11 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga að samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Ármúli 38 - USK26020139

Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 0202, fjölga eignum og innrétta tvær íbúðir, íbúð 0202 og íbúð 0203 á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.03, á lóð nr. 38 við Ármúla

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt dags. 30. janúar 2026.

Frestað.

Málinu vísað til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

6. Barónsstígur 47 - USK24100359

Sótt er um leyfi til þess að stækka, með því að breyta og innrétta á 2. hæð, gististað í flokki II, tegund d, og fjölga herbergjum í 22 fyrir 102 gesti í húsi Heilsugæslunnar á lóð nr. 47 við Barónsstíg.

Erindi fylgir ódagsett greinargerð hönnuðar vegna handlauga, mæliblað 1.193.1 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 7. júní og 25. mars 2014.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. Borgartún 1 - USK26050149

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25060187 þannig að innra skipulagi í kjallara er breytt og skráningartafla uppfærð fyrir hótél á lóð nr. 1 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 12. ágúst 2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 30 - USK26040016

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu fimm læknastofur og tvær skurðstofur auk stoðryma og starfsmannaaðstöðu í rými 0303 á 3. hæðar verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 30 við Borgartún.

Erindi fylgir skýrsla Örugg um brunahönnun útg. V01 dags. 5. maí 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

9. Brautarholt 1 – breytingaerindi - USK26040194

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24120062 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi og klæðningu er breytt, þak á millibyggingu lækkað og gluggaband í henni fellt út í golfskála á lóð með landnúmer 125660, Brautarholt I.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Breiðhöfði 3 - USK25080191

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 7 hæða fjölbýlishús með 77 íbúðum á bílakjallara með 139 stæðum á lóð nr. 3 við Breiðhöfða.

Stærð: 11.452,4 ferm., 37.404,1 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 11. ágúst 2025 og greinargerð um brunavarnir frá Örugg, V04, dags. 25. mars 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Sérstakt samráð skal haft við byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

11. Bárugata 3 - USK25060385

Sótt er um leyfi til að sameina fasteignir, breyta innra skipulagi, síkka glugga á 1. hæð og gera hurð út á nýjar svalir með stiga niður í garð á suðurhlíð og gera nýtt bílastæði meðfram austurhlíð húss á lóð nr. 3 við Bárugötu.

Erindi fylgir "Yfirlýsing um sameiningu fasteigna dags. 22. október 2025 umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 15. ágúst 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 30. júní 2025 og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. Bæjarflöt 10 - USK25100015

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, innrétta bílageymslu í rými 0101 og starfsmannarými í hliðarbyggingu, hækka innkeyrsludyr um 60 cm. ásamt því að færa tæknirými í kjallara inná teikningar og uppfæra byggingarlýsingu í atvinnuhúsi á lóð nr. 10 við Bæjarflöt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, erindislýsing dags. 16. febrúar 2026, brunavarnarlýsing frá Lotu dags. 30. september 2025 og erindi USK25120344 er dregið til baka.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Drápuhlíð 38 - USK26030028

Sótt er um leyfi til að breyta kvistum á suðurhlíð með því að síkka glugga, gera hurð í annan kvistinn og gera þaksvalir á fjölbýlishúsi á lóð nr. 38 við Drápuhlíð.

Erindi fylgir svar við fyrirspurn til skipulagsfulltrúa dags. 3. febrúar 2026 og samþykki meðeigenda dags. 5. janúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

14. Efstasund 59 – breytingaerindi - USK26040094

Sótt er um heimild til að breyta erindi USK25050301 þannig að innra skipulagi er breytt lítillega, bílskúr er stækkaður um meter til austurs og svalir stækkaðar á einbýlishúsi á lóð nr. 59 við Efstasund.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

15. Eyjarslóð 1 – breytingaerindi - USK26020161

Sótt er um að breyta erindi USK24050177 með síðari breytingu USK25020048, þannig að skráning er uppfærð fyrir iðnaðar- og skrifstofuhús við Hólmaslóð 2, mhl.02 og Hólmaslóð 2A, mhl. 01, á lóð nr. 1 við Eyjarslóð

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Fornhagi 26 - USK26040305

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og stækkun íbúðar 0301 í íbúðarhús á lóð nr. 26 við Fornhaga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Fossaleynir 19-23 – breytingaerindi - USK26030119

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25050045 þannig að innra skipulagi er breytt, vöruhúð bætt við á austurhlið og brunavarnir uppfærðar fyrir iðnaðarhúss á lóð nr. 19 - 23 við Fossaleyni.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Fylkisvegur 6 - USK26040017

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og breyta notkun rýma 0111 og 0114 í húsi á lóð nr. 6 við Fylkisveg.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

19. Fákafen 9 – breytingaerindi - USK26050186

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26010404 þannig að innra skipulagi er breytt í rými 0204, kírópraktorsstofu á 2. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 9 við Faxafen.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á ósamþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Fálkagata 2 – breytingaerindi - USK26020319

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050293, húsi á lóð nr. 2 við Fálkagötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Granaskjól 18 - USK25060185

Sótt er um leyfi til að fjölga bílastæðum um eitt og byggja við lóðarmörk að lóð nr. 20, bílskúr, mhl.02, úr timbri, einangraðan og klæddan utan með klæðningu í flokki 1 og tilheyrir íbúð 0201 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 18 við Granaskjól.

Stærð: 35.7 ferm., 121.5 rúmm.

Erindi var grenndarkynnt 8. apríl til 8. maí 2026. Engar athugasemdir bárust.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa og lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 6. og 28. júlí 2025, mæliblað 1.515.6 dags. 2. nóvember 1954 og afrit af aðaluppdrætti samþykktum 26. maí 1991.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

22. Grandagarður 5 - USK26020462

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og koma fyrir samkomusal í verslunarhúsi á lóð nr. 5 við Grandagarð. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. Hlésgata 2 - USK25120059

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 3-4 hæða fjölbýlishús með 67 íbúðum á bílakjallara með 31 bílastæði á lóð nr. 2 við Hlésgötu.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 31. mars 2026, minnisblað frá Eflu um mengunarrannsóknir dags. 25. maí 2025 og aðgerðaráætlun vegna mengunar í jarðvegi dags. 20. ágúst 2025.

Stærð: 9.847,9 ferm., 34.805 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Hlíðarhús 7 - USK25120150

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð, mhl.01, þannig að aðgengi og þjónusta er bætt á 1. hæðum mhl.01 og mhl.03, auk þess sem öll starfsaðstaða er uppfærð og 6 nýjum hjúkrunarrýmum bætt við á 2. og 3. hæð í mhl.03, hjúkrunarheimilinu Eir á lóð nr. 7 við Hlíðarhús.

Erindi fylgir greinargerð um yfirlit breytinga ásamt aðaltekningum samþykktum 1. ágúst 2006

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Hraunteigur 19 – breytingaerindi - USK26040069

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á suðurhlið rishæðar og fá ósamþykka íbúð sem samþykka í fjölbýlishúsi á lóð nr. 19 við Hraunteig.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 08. maí 2026 og yfirlit breytinga samþykkt 24. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

26. Hraunteigur 8 - USK25090391

Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr/vinnustofu, mhl.02, við einbýlishús á lóð nr. 8 við Hraunteig.

Stærð: 76.1 ferm., 259.4 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2026, samþykki lóðarhafa lóðar nr. 10 við Hraunteig dags. 3. janúar 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 1. mars 2005.

Synjað.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2026

27. Hrefnugata 9 - USK26010266

Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja tvo kvisti og svalir, innrétta svefnherbergi og baðherbergi í risi og breyta innra skipulagi á 2. hæð, einnig er gerð grein fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt í kjallara og á 1. hæð, innréttað íbúðarherbergi í hluta bílskúrs og byggð köld geymsla í garði einbýlishúss á lóð nr. 9 við Hrefnugötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. mars 2026, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2026 og bréf hönnuðar dags. 27. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

28. Hringbraut 118 - USK25050337

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rýmum 0102, 0103 og 0104 í húsi nr. 118 við Hringbraut.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

29. Hólmgarður 12 - USK26030086

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúðar 0201, hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs, auk þess er sótt um að innrétta íbúðarrými í risi og gera innbyggðar svalir í suðausturhorni þaks í húsi á lóð nr. 12 við Hólmgarð.

Stækkun: 64,1 ferm. og 118,8 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

30. Hólmgarður 25 - USK26020237

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055764 þannig að byggður verður geymsluskúr, mhl.02, í norðvesturhorni lóðar og innra skipulagi breytt í íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 25 við Hólmgarð.

Stærð Mhl.02: 22.0 ferm., 66.0 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppráttum

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

31. Hólmgarður 27 - USK26020238

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055765 þannig að byggður verður geymsluskúr, mhl.02, í norðausturhorni lóðar og innra skipulagi er breytt í íbúðarhúsi, mhl.01 á lóð nr. 27 við Hólmgarð.

Stærð Mhl.02: 22.0 ferm., 66.0 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

32. Iðunnarbrunnur 13 - USK25060189

Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt tveggja hæða tvíbýlishús á kjallara á lóð nr. 13 við Iðunnarbrunn.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2025 og samþykki lóðarhafa Iðunnarbrunnis 11 og 15 dags. 16. apríl 2026.

Stærð: 400,3 ferm., 1.134,6 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

33. Kirkjustræti 4 - USK26020346

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi kjallara og hluta fyrstu hæðar, koma fyrir pallalyftu og stiga niður í tengigang kjallara og hurð út í garð á austurhlíð skrifstofuhúss við Kirkjustræti 4, mhl.03, á Alþingisreit.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 27. apríl 2027, skýrsla Öruggr um brunavarnir útgáfa V02 dags. 17. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Kleppsvegur 102 - USK26020453

Sótt er um leyfi til að stækka með viðbyggingu við norðvesturgafli einbýlishúsi á lóð nr. 102 við Kleppsveg.

Stækkun: 115.3 ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um hússkoðun dags. 12. maí 2026 og gátlisti aðaluppdráttanna.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Kringlan 1 - USK26020321

Sótt er um leyfi til að byggja bílakjallara á tveimur hæðum, K1 og K2, með 144 stæðum og kemur til með að þjóna 4-9 hæða fjölbýlishúsum á reit A, á lóð nr. 1 við Kringluna.

Stærð: 6.213,7 ferm., 19.162,6 rúmm.

Erindi fylgir innmæling á lóð dags. 1. desember 2025, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 27. febrúar 2026, greinargerðir hönnuða um aðgengi, einangrun og öryggismál ódagsettar og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 17. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Krummahólar 51 - USK25100055

Sótt er um leyfi til að stækka með viðbyggingu til vesturs og upp að húsinu við Krummahóla 53, mhl.03, parhús við Krummahóla 51, mhl.02, á lóð nr. 49-59 við Krummahóla.

Stækkun: 27.9 ferm., 89.7 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Kvisthagi 4 - USK25120060

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan bílskúr, mhl. 02, við þríbýlishús á lóð nr. 4 við Kvisthaga.

Stærð: 49 ferm., 151,9 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15. janúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

38. Köllunarklettsvegur 1 - USK26020091

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta sem verslun og sali fyrir Padel ásamt tilheyrandi stoðrymum, rými 0101 á 1. hæð, mhl. 03, á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

39. Miðtún 11 - USK25100266

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti einbýlishúss, mhl.01 og bílskúrs, mhl.02, á lóð nr. 11 við Miðtún.

Stækkun: Mhl.02: 30.1 ferm., 81.7 rúmm.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa við Miðtún 13 og Samtún 22, dags. 2. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Umsókn var synjað á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 12 maí 2026. Umsækjandi hefur lýst vilja til að koma til móts við athugasemdir byggingarfulltrúa. Ákvörðun um synjun umsóknar er hér með afturkölluð og umsækjanda gefið færi á að bregðast við athugasemdum.

Ákvörðun frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 12. maí 2026 er afturkölluð.

40. Nökkvavogur 22 - USK25050111

Sótt er um leyfi til að byggja skjólvegg á lóð nr. 22 við Nökkvavog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Óðinsgata 14A - USK25010130

Sótt er um leyfi til að grafa frá kjallara og byggja við hann hjólageymslu og tröppur niður í garð, byggja hjólageymslu útá lóð sem tilheyrir húsi nr. 14b, kvisti á báðar þekjur, síkka glugga, gera svalir á bakhlið og innrétta sex íbúðir í einbýlishúsi á lóð nr. 14a við Óðinsgötu.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir breytingu: 321,5 ferm., 840,3 rúmm.

Erindi fylgir greinagerð frá Örugger dags. 11. janúar 2025, hljóðvistargreinagerð frá Myrru dags. 24. janúar 2026, minnisblað hönnuðar um breytt útlit dags. 14. janúar 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2025 og skuggavarp dags. 14. janúar 2025.

Einnig eru lagðar fram umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 24. mars og 27. maí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Rauðalækur 50 - USK26040304

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innrétta sem íbúð, rými 0101 í bílskúr, mhl.02, í eigu íbúðar 0201 í íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 50 við Rauðalæk.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Reykjavegur 19 - USK26030505

Sótt er um leyfi til að fjölga kennslustofum með því að reisa forsmíðuð timburhús, mhl. 02, 03 og 04, og til að byggja mhl. 05 úr samtengdum stáleiningum, klædd timbri og báruáli og innrétta þar matsal, kennslustofur og starfsmannaaðstöðu á lóð nr. 19 við Reykjaveg.

Erindi fylgir brunahönnun frá COWI dags. 27. mars 2026.

Stækkun: 1.427,7 ferm.

Eftir stækkun:

Mhl. 01: 162,8 ferm., 578,3 rúmm.

Mhl. 02: 535,3 ferm., 1.899,7 rúmm.

Mhl. 03: 349,8 ferm., 1.243,9 rúmm.

Mhl. 04: 349,8 ferm., 1.243,9 rúmm.

Mhl. 05: 872,2 ferm., 2.878,2 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Sigtún 42 - USK25070068

Sótt er um heimild til að byggja sambyggt hjóla- og sorpskýli, mhl.02, á lóð nr. 42 við Sigtún.

Stærð: 68.7 ferm., 174.1 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

45. Skipholt 50 - USK25070358

Sótt er um leyfi til að stækka íbúð 0201 með því að breyta og hækka þak, gera kvisti á báðar þekjur og bæta við svölum á vesturgafli rishæðar í íbúðarhúsi á lóð nr. 50 við Skipholt.

Breyting á stærð: -25,1 ferm., 201,5 rúmm.

Frestað. Lagfæra skráningu.

46. Skólavörðustígur 9 – breytingaerindi - USK26030117

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK2406006 þannig að kjallari er stækkaðu og innra skipulagi, anddyri og flóttaleiðum breytt í nýbyggingu, mhl.02, á lóð nr. 9 við Skólavörðustíg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Snorrabraut 29 - USK26010104

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu veitingastað í fl. X, teg. X í rými 0103 í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 29 við Snorrabraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Stangarholt 4 - USK24110371

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057607 vegna lokaúttektar þannig að notkun er breytt, komið fyrir þakglugga og innréttað sem íbúð rými 0102 í bílskúr, mhl.02, við íbúðarhús, á lóð nr. 4 við Stangarholt.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðlóðarhafa.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Stefnisvogur 1 – breytingaerindi - USK26030118

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070158, með síðari breytingum, þannig að bílakjallara verður komið fyrir undir húsum 3 og 4 og íbúðum fjölgað, smávægilegar breytingar hafa orðið á útliti auk þess sem brunavarnir, rýmisnúmer, stærðir og skráningartafla hafa verið uppfærð fyrir fjölbýlishús á 1- 4 á lóð nr. 1 við Stefnisvog.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir greinagerð Cowi verkfræðistofu um hljóðvist útgáfa 2.0 dags. 28. janúar 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum..

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

50. Stjórnugróf 31 - USK26040152

Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu úr timbri við suðausturhlið einbýlishúss á lóð nr. 31 við Stjórnugróf.

Stækkun: 67.8 ferm., xx.x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Sóleyjargata 27 - USK25060237

Sótt er um leyfi til að breyta notkun, fjölga eignum og innrétta alls 9 íbúðir í núverandi gistihúsi á lóð nr. 27 við Sóleyjargötu.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar í tölvupósti dags. 11. desember 2025, tillögur að útfærslum svala og fleira, greinagerð hönnuðar dags. 11. febrúar 2026 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2025.

Synjað.

Samræmist ekki ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

52. Úlfarsbraut 12 - USK26040396

Sótt er um leyfi til að stækka, með því að taka í notkun óuppfyllt rými og innrétta sem geymslu, íbúð 0102 í parhúsi nr. 12 á lóð nr. 10-12 við Úlfarsbraut.

Stækkun: 39.0 ferm., 99.6 rúmm.

Erindi fylgir samþykki eigenda íbúðar 0101 við Úlfarsbraut 10 dags. 21. apríl 2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 14:22
Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Dagný Geirdal
Silvá Kjærnested
Böðvar Páll Jónsson
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir